

mundi ég verða fangaður hér um bil jafn fljótt sem þessi Pettingill“, sagði hinn. „Ef þér æskið þess, þá skal ég veðja við yður um, að ég skal drýggja glæp, sem eins mikið verði talað um eins og glæp hans, og að ég skuli ekki verða fangaður, eða, ég setti öllu heldur að segja, að þúpurinn verði ekki sannaður á mig. Ég vil ekki veðja um að ég verði ekki tekinn fastur; því eins og við höfum séð í þessu máli, sem við vorum að tala um, þá eru saklausir menn stundum teknir fastir. Þess vegna geri ég það að skil-yrði, að sök verði sönnuð á mig“.

„Á ég að skilja yður svo, að yður sé alvara, að bjóða að drýggja glæp í því skyni einungis að skera úr veðmáli?“ sagði sá er byrjað hafði talið. „Dér gerið mig forviða“.

„Ég geri yður líklega ekki meira forviða en Pettingill gerði vini sína“, sagði hinn. „En óttist ekki; ég skal taka alla ábyrgðina upp á mig. Munið líkafestir því, að það eru ekki glæpirnir sjálfir, sem menn hleypa brúnum yfir á þessari öld, heldur því, að verða uppvís að þeim. Ég veðja við yður um að verða ekki uppvís. Jæja, hvað segið þér um þetta; skal veðmálið vera eitt þúsund dollarar? Mig langar í eitthvað, sem getur komið mér í geðshræringu!“

„Jæja, þér skuluð fá ósk yðar uppfylta“, sagði sá er byrjað hafði talið; „að minsta kosti skuluð þér fá þá geðshræringu sem því er samfara að borga mér þúsund dollarana; því þótt ég álisti að þér í raun og veru hafið alls ekki í hyggju að gerast glæpamaður,